

Selfossi, 5. maí 2021

## Minnisblað

### „Nýr frístundaklúbbur - Viðauki við fjárhagsáætlun“

**Markmið:** Að stofna nýjan frístundaklúbb og bæta þannig þjónustu við börn á aldrinum 10-16 ára sem glíma við fjölþættan vanda en falla þó ekki í fötlunarflokkka Tryggingarstofnunar og hafa ekki getað nýtt núverandi úrræði í Kotinu.

#### Forsenda:

Síðastliðið haust var myndaður þverfaglegur vinnuhópur á fjölskyldusviði úr öllum deildum sviðsins, til að kortleggja stöðu barna með fjölþættan vanda í sveitarfélaginu á aldrinum 10-16 ára. Í dag hefur frístundaklúbburinn Kotið verið að sinna þessum börnum en til að fá þjónustu frístundaklúbbsins hafa börnin þurft að vera í tilteknum fötlunarflokkum sem eru ákvarðaðir af Tryggingarstofnun. Í Sveitarfélaginu Árborg eru hins vegar mörg börn sem falla ekki undir þessa flokka en eiga þó við mikinn fjölþættan vanda að stríða. Í minnisblaði sem var lagt fyrir bæjarráð í nóvember 2020 kemur eftirfarandi fram.

*„Við í Sveitarfélaginu Árborg leggjum áherslu á að vera fjölskyldu- og barnvænt samfélag með góða þjónustu fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Fjölskyldusvið Árborgar hefur lagt áherslu á snemmtæka íhlutun í sinni stefnu, að gripið sé inn í vanda barna og fjölskyldna þeirra eins fljótt og auðið er ef þörfin er til staðar. Það er því ekki í samræmi við þær áherslur að við að við getum ekki veitt börnum í vanda þá grunnþjónustu sem þau eiga rétt á, aðgengi að frístundum með sínum jafningjum. Nýleg félagsþjónustulög leggja auk þess nú ríkari skyldur á sveitarfélög að öllum börnum standi frístundaúrræði til boða. Núverandi húsnæði frístundaklúbbsins Kotsins er of lítið fyrir þann fjölda barna sem nú þegar sækja Kotið og því ekki mögulegt að veita börnum með fjölþættan vanda (sem ekki eru í vissum fötlunarflokkum) möguleika á að sækja úrræðið. Að lágmarki 14 börn með fjölþættan vanda á aldrinum 10-16 ára munu þannig ekki fá að nýta þjónustu Kotsins haustið 2021.“*

#### Tillaga:

Til að geta komið til móts við þessi börn og fjölskyldur þeirra leggur fjölskyldusvið til að stofnaður verði nýr frístundaklúbbur fyrir börn í vanda sem verður rekinn í nánú samstarfi við Frístundaklúbbinn Kotið.

Staðsetning húsnæðis fyrir starfsemina getur verið í Vallaskóla í rými innan af dansal í kjallara skólans. Í dag er frístundaheimilið Bifröst að nýta þetta rými fyrir börn í 3. – 4. bekk. Mælt er með að nýi frístundaklúbburinn hefji starfsemi í skólabyrjun í haust, eða 23. ágúst 2021. Áætluð starfsmannaþörf er umsjónarmaður í 75% hlutfalli og 3-4 stuðningsfulltrúar í 50% hlutfalli hver. Áætlaður viðauki við fjárhagsáætlun er 10.750.000 kr. fyrir utan innri húsaleigu. Áætlaður launakostnaður er um 8.750.000 og annar upphafskostnaður er áætlaður um kr. 2.000.000.

Með von um jákvæð viðbrögð,

*Gunnar E. Sigurbjörnsson*  
*frístunda- og forvarnarfulltrúi*

*Þorsteinn Hjartarson*

*Sviðsstjóri fjölskyldusviðs*